

Lög

**um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006,
með síðari breytingum (hlutdeildarsetning úthafsrækju og rækju
á miðunum við Snæfellsnes, afli til strandveiða og bóta-
og byggðaráðstafana, flutningur í aflamark).**

1. gr.

Í stað orðanna „Ráðherra skal hafa til ráðstöfunar aflaheimildir sem nemi allt að 300 lestum af óslægðum botnfiski á hverju fiskveiðíári“ í 1. málsl. 5. mgr. 6. gr. laganna kemur: Á hverju fiskveiðíári skal ráðherra hafa til ráðstöfunar aflaheimildir skv. 5. mgr. 8. gr. í óslægðum botnfiski.

2. gr.

1. málsl. 1. mgr. 6. gr. a laganna orðast svo: Á hverju fiskveiðíári er ráðherra heimilt að ráðstafa aflamagni í óslægðum botnfiski skv. 5. mgr. 8. gr. sem nýtt skal til veiða með handfærum á tímabilinu frá 1. maí til 31. ágúst samkvæmt sérstökum leyfum Fiskistofu.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

- a. Orðin „allt að“ í 1. málsl. 3. mgr. falla brott.
- b. 3.–4. málsl. 3. mgr. falla brott.
- c. 4. mgr. fellur brott.
- d. 5. mgr. orðast svo:

Því aflamagni sem dregið er frá heildarafla í hverri tegund skv. 3. mgr. skal varið til að mæta áföllum skv. 1. tölul. 1. mgr. 10. gr., til stuðnings byggðarlögum skv. 2. tölul. 1. mgr. 10. gr., til línuvílnunar skv. 8. mgr. 11. gr., til strandveiða skv. 6. gr. a, til veiða sem eru taldar í 6. gr. og til annarra tímabundinna ráðstafana samkvæmt lögum þessum. Ráðherra skal eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti leggja fyrir Alþingi tillögu til þings-ályktunar um áætlun um meðferð og ráðstöfun þessa aflamagns til næstu sex ára.

- e. 6. mgr. orðast svo:

Því aflamagni sem dregið er frá heildarafla skv. 3. mgr. er ráðherra heimilt að skipta í aðrar tegundir til að leitast við að tryggja tegundarsamsetningu aflamagns til ráðstafana skv. 5. mgr. Ráðherra skal mæla nánar fyrir um þessa framkvæmd í reglugerð, m.a. um

gerð tilboða, tímafresti, magn í skiptum og að Fiskistofa annist framkvæmdina. Afla-magn samkvæmt þessu ákvæði er heimilt að flytja milli fiskveiðíára.

4. gr.

1. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: Á hverju fiskveiðíári er ráðherra heimilt að ráðstafa aflamagni í óslægðum botnfiski skv. 5. mgr. 8. gr. sem hér segir.

5. gr.

Í stað orðanna „3.375 lestir af óslægðum þorski“ í 5. málsl. 8. mgr. 11. gr. laganna kemur: magn í óslægðum botnfiski sem ráðherra ákveður með heimild í 5. mgr. 8. gr.

6. gr.

Við 8. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ráðherra getur þó heimilað með reglugerð flutning á aflamarki tiltekinna tegunda frá krókaaflamarksbátum til skipa sem hafa veiðileyfi með aflamark, enda séu skiptin jöfn í þorskígildum talið.

7. gr.

1. málsl. ákvæðis til bráðabirgða I í lögnum orðast svo: Á hverju fiskveiðíári er ráðherra heimilt að ráðstafa aflamagni skv. 5. mgr. 8. gr. til áframeldis á þorski.

8. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II, III, IV, VI, IX, X og XI í lögnum falla brott.

9. gr.

Í stað orðanna „frest til 1. september 2014“ í 2. málsl. ákvæðis til bráðabirgða V í lögnum kemur: lokafrest til 1. september 2015.

10. gr.

Í stað orðanna „til 2013/2014“ í 1. málsl. ákvæðis til bráðabirgða VII í lögnum kemur: til 2014/2015.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða VIII í lögnum:

- a. 1. mgr. orðast svo:

Á fiskveiðírunum 2010/2011 til 2014/2015 hefur ráðherra til ráðstöfunar, til sér-stakrar úthlutunar, 2.000 lestir af síld (íslenskri sumargotssíld), þar af allt að 800 lestir til smábáta, og 2.000 lestir af norsk-íslenskri síld.

- b. Orðin „10 leustum af skötusel og“ í 2. málsl. 2. mgr. falla brott.
- c. Orðin „176 kr. fyrir hvert kg af skötusel og“ í 1. málsl. 3. mgr. falla brott.
- d. Í stað fjárhæðarinnar „13 kr.“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: 16 kr.

12. gr.

Í stað orðanna „sem nema 1.800 þorskígildislestum“ í 1. málsl. ákvæðis til bráðabirgða XIII í lögnum kemur: sem ráðherra ákvarðar samkvæmt heimild í 5. mgr. 8. gr.

13. gr.

Við löginn bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

a. (XIV.)

Setja skal aflahlutdeild í annars vegr úthafsrækju og hins vegr rækju við Snæfellsnes, þ.e. í Kolluál, Jökuldjúpi og sunnanverðum Breiðafirði, með þeim hætti sem hér segir:

- a. Að $\frac{5}{10}$ hlutum samkvæmt skráðum aflahlutdeildum hvers fiskiskips í úthafsrækju við lok fiskveiðiársins 2012/2013.
- b. Að $\frac{5}{10}$ hlutum samkvæmt aflareynslu hvers fiskiskips í úthafsrækju á fiskveiðíárunum 2010/2011, 2011/2012 og 2012/2013. Fyrirmæli 2. málsl. 1. mgr. 9. gr. gilda við úthlutunina.

Á fiskveiðíárinu 2013/2014 skal ákveða leyfilegan heildarafla í annars vegr úthafsrækju og hins vegr rækju við Snæfellsnes skv. 3. gr. samhliða setningu aflahlutdeilda skv. 1. mgr. þessa ákvæðis. Þann aflu sem veiðist fram til þess að leyfilegur heildarafla er ákveðinn skal draga frá áður en kemur til úthlutunar aflamarks á fiskiskip skv. 3. mgr. 8. gr.

b. (XV.)

Árið 2014 er ráðherra heimilt, í milliríkjjasamningi, að semja um skipti á tilgreindum aflaheimildum sem úthlutað hefur verið á skip fyrir aðrar aflaheimildir, enda meti ráðherra að slík skipti séu hagstæð. Handhafar aflamarks sem taka vilja þátt í slíkum skiptum skila þá þeim aflaheimildum sem um ræðir gegn úthlutun á aflaheimildum sem fast í skiptunum. Ráðherra setur reglur um þessi aflaskipti sem tryggja gagnsæi og jafnræði meðal útgerðaraðila. Útgerðaraðili sem skiptir á aflaheimildum samkvæmt þessu ákvæði skal standa skil á veiðigjaldi vegna upphaflegrar úthlutunar.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en 1.–5. gr., 7.–12. gr. og a-liður 13. gr. koma til framkvæmda við upphaf fiskveiðíársins 2014/2015.

15. gr.

Við gildistöku þessara laga verður eftirfarandi breyting á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997, með síðari breytingum: Við 3. flokk í 2. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Enn fremur öll fiskiskip með afluvisá 1.200 eða lægri.

Samþykkt á Alþingi 16. maí 2014.